

Ársskýrsla
Orkuveitu Reykjavíkur

2014



Útgefandi

ORKUVEITA REYKJAVÍKUR

Ritstjórar

Eiríkur Hjálmarsson og Einar Örn Jónsson

Skrá yfir skýrslur, greinar og erindi

Anna Margrét Björnsdóttir

Ljósmyndir

Bjarni Líndal, Gunnar Svanbergs, Hildur Ingvarsdóttir,
Ingvar Jón Ingvarsson, Magnea Magnúsdóttir,
Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir, Þorsteinn Ari Þorgeirsson,
Þorvaldur Árnason og fleiri.

Hönnun útlits og umbrot

AUGLÝSINGASTOFAN HVÍTA HÚSIÐ

Prentun

UMSLAG




Efnisyfirlit

1. kafli – Af starfi stjórnar	6
2. kafli – Frá forstjóra	10
3. kafli – Fjármál.....	16
4. kafli – Viðskiptavinurinn í öndvegí.....	24
5. kafli – Ágrip úr umhverfisskýrslu.....	32
6. kafli – Mannauður og öryggi.....	36
7. kafli – Orka náttúrunnar	44
8. kafli – Gagnaveitan.....	50
9. kafli – Útgefnar skýrslur og greinar á árinu 2014.....	56

Stiklur úr sögu Orkuveitunnar

Stiklur úr sögu Orkuveitunnar 1909-2014

1909	Vatnsveitan tekur til starfa
1921	Rafstöðin við Elliðaár vígð
1930	Hitaveitan tekur til starfa - Laugaveitan
1937	Ljósafossvirkjun - fyrsta virkjunin í Sögunu - ræst
1943	Reykjaveitan með hitaveituvatn úr Mosfellssveit tekin í notkun
1965	Sogsvirkjanir lagðar inn í Landsvirkjun
1978	Hitaveituvæðingu höfuðborgarsvæðisins lýkur
1990	Nesjavallavirkjun ræst
1998	Raforkuframleiðsla hefst á Nesjavöllum
1999	Orkuveita Reykjavíkur verður til með sameiningu Hitaveitunnar og Rafmagnsveitunnar
2000	Vatnsveitan sameinuð Orkuveitunni
2002	Akurnesingar og Borgfirðingar leggja veitur sveitarfélaganna inn í Orkuveituna
2006	Orkuveitan tekur við rekstri fráveitu í þremur sveitarfélögum
2006	Hellisheiðarvirkjun tekur til starfa
2007	Gagnaveita Reykjavíkur stofnuð um fjarskiptapjónustu Orkuveitunnar
2010	Heitavatnsframleiðsla hefst á Hellisheiði
2014	Samstæðu Orkuveitunnar skipt upp að lagaboði og ný dótturfélög taka til starfa



1921


EN KRISTINEHANN SVEN

LYKJAVIKUR



1. kafli

Af starfi stjórnar





Af starfi stjórnar

Í upphafi árs 2014 tóku hvorki fleiri né færri en fjögur ný dótturfélög Orkuveitu Reykjavíkur til starfa. Ástæðuna má rekja til gildistöku lagaákvæða um aðskilnað samkeppnis- og sérleyfishluta starfsemi Orkuveitunnar á raforkumarkaði. Þá fjölgaði félögum innan fyrirtækjasamstæðunnar og ýmis fjármál og skattamál í rekstri fyrirtækisins urðu flóknari í framkvæmd. Það hefur verið talsverð áskorun fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að takast á við þessar breytingar, ekki síst í ljósi eindreginnar kröfu um aukið gagnsæi í rekstri.

Mikil áhersla var lögð á það af hálfu stjórnar Orkuveitunnar og ekki síður eigendanna að búa svo um stjórnhætti að áhrif og ábyrgð fylgdu með í starfi innan samstæðunnar og á milli hennar og eigenda. Lögum um Orkuveituna var breytt í árslok 2013 og þau einfölduð. Með því færðist ábyrgð á innra skipulagi og stjórnháttum til eigenda til útfærslu í sameignarsamningi. Í samræmi við það var nýr sameignarsamningur eigenda undirritaður á vormánuðum og í samstarfi stjórnar og eigenda þess gætt að samþykktir nýrra dótturfélaga endurspegluðu nýja starfshætti, sem allir gætu vel við unað.

Samhliða uppskiptingu Orkuveitunnar vann stjórn fyrirtækisins að úrvinnslu efnismikillar skýrslu úttektarnefndar um málefni Orkuveitunnar. Nefndin hafði verið sett á fót á aðalfundi 2011 og skilað skýrslu haustið 2012. Áætlun stjórnar um úrvinnslu var samþykkt það ár, áfangaskýrslu skilað 2013 og greinargerð lögð fyrir eigendur á aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur 2014.

Greining á skýrslunni leiddi í ljós 118 atriði sem betur mættu fara í rekstri Orkuveitunnar. Af þeim var talið að 75 hefðu þegar verið færð til betri vegar. Þar af töldust sjö einkum vera á verksviði eigenda, 34 hjá stjórn og 77 á verksviði stjórnenda Orkuveitu Reykjavíkur. Frá því greinargerðin var lögð fram hefur stjórnin samið drög að arðgreiðslustefnu í hendur eigenda sem lögð voru fram á eigendafundi í nóvember. Á árinu 2014 lauk stjórn Orkuveitunnar öllum þeim umbóta- verkefnum sem henni var ætlað að vinna í skýrslu úttektarnefndarinnar.

Í lok þessa fyrsta starfsárs nýrrar stjórnskipunar sem mótaðist af nýjum lögum, nýjum sameignarsamningi, endurskoðaðri eigenda-

stefnu og breyttum starfsreglum stjórnar, var ákveðið að draga skipulega lærdóm af þessu tímabili. Fengnir voru ráðgjafar til að leggja mat á það með stjórn Orkuveitunnar hvernig til hefði tekist og hvar væri hægt að gera enn betur. Í ljósi þeirrar ábyrgðar sem stjórn móðurfélags Orkuveitu Reykjavíkur gegnir gagnvart eigendum samstæðunnar er mikilvægt að stjórnarmenn telji sig hafa nauðsynlega yfirsýn starfseminnar svo þeir geti rækt hlutverk sitt af fremsta megni.

Fjárhagur Orkuveitu Reykjavíkur, sem verið hefur helsta viðfangsefni stjórnar undanfarin ár, eflidist á árinu 2014. Planið (sjá bls. 23), sem stjórn og eigendur hleyptu af stokkunum vorið 2011, gekk eftir í öllum atriðum og gott betur. Eiga stjórnendur Orkuveitunnar og dótturfyrirtækjanna og allt starfsfólk heiður skilinn fyrir það. Umsnúningur á fjárhag Orkuveitunnar á sér trúlega fá ef nokkur fordæmi og eftir því er tekið í samfélaginu. Þannig er staðfestan og einurðin við eftirfylgni Plansins og sá árangur sem það hefur skilað helsta ástæða bætts lánsþæfismats Orkuveitunnar. Mikilvægir áfangar náðust í þeim efnum á árinu 2014 og fleiri voru innan seilingar, sem sýndi sig á fyrstu mánuðum yfirstandandi árs.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hélt fjórtán fundi á árinu 2014. Starfsdagar stjórnar voru tveir. Eigendafundur var haldinn í tengslum við opinn ársfund í apríl og reglubundinn eigendafundur um fjárhagsáætlunir og fleira í nóvember. Á aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur, sem var haldinn 23. júní 2014, tók við ný stjórn, kjörin af sveitarstjórnnum eigenda að afloknum sveitarstjórnarkosningum í maí. Óvenju litlar breytingar voru á skipan stjórnar en í hana bættust þær Áslaug M. Friðriksdóttir borgarfulltrúi Reykvíkinga og Valdís Eyjólfsdóttir bæjarfulltrúi á Akranesi auk þess sem Björn Bjarki Þorsteinsson tók að nýju sæti áheytnarfulltrúa Borgarbyggðar. Af vettvangi stjórnarinnar hurfu þau Sóley Tómasdóttir, sem nú er forseti borgarstjórnar Reykjavíkur, Hrönn Ríkhardsdóttir frá Akranesi og Ragnar Frank Kristjánsson úr Borgarnesi. Þeim er þakkað gott samstarf.

Haraldur Flosi Tryggvason,
formaður stjórnar.



Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Frá vinstri: Björn Bjarki Þorsteinsson áheyranarfulltrúi, Valdís Eyjólfsdóttir, Áslaug María Friðriksdóttir, Haraldur Flosi Tryggvason, formaður, Brynhildur Davíðsdóttir, varaformaður, Kjartan Magnússon, Gylfi Magnússon.

2. kafli

Frá forstjóra





Frá forstjóra

Fréttir úr rekstri innviða samfélagsins eru alla jafna slæmar fréttir. Þá hefur yfirleitt eitthvað farið úrskaiðis. Veitu- og virkjanarekstur býður vissulega upp á fjölmörg ógrandi viðfangsefni sem spennandi getur verið að ráða fram úr, en sú spenna á ekki endilega að ná til viðskiptavina. Þeir eiga að geta treyst á áreiðanlega þjónustu og greinargóðar upplýsingar ef út af ber.

Árið 2014 var gott ár hjá Orkuveitu Reykjavíkur í þessu tilliti. Þegar lítið er um öxl var fátt stórtíðinda og spennandi augnablik í rekstrinum fá. Afhendingaröryggi var mikið, viðskiptavinir gáfu fyrirtækjunum góða einkunn í þjónustukönnunum og fjárhagsstaðan hélt áfram að styrkjast. Hér að neðan er gaumur gefinn að nokkrum verkefnum sem starfsmenn unnu að á árinu 2014. Aftar í skýrslunni er nánari grein gerð fyrir þeim.

Planið

Sú áætlun sem Orkuveitan hefur starfað eftir frá vormánuðum 2011, Planið, hefur reynst frábærlega. Þau metnaðarfullu markmið, sem í Planinu fólust, hafa reynst raunhæf og þau hafa hjálpað starfsfólki og stjórnendum Orkuveitunnar að halda skarpri sýn á megintilgang rekstursins og það hlutverk sem eigendur fyrirtækisins ætlast til að það ræki. Í lok árs 2014 höfðu aðgerðir Plansins skilað tæpum 50 milljörðum króna í bættari fjárhagsstöðu. Markmiðið er 51,3 milljarðar. Það er því útlit fyrir að markmið Plansins náist ári fyrr en áætlað var.

Eðlilegt er að spurt sé hvað gerist eftir Plan. Svarið er einfalt; ekkert sérstakt. Hlutverk Orkuveitunnar mun ekki breytast við það að tiltekin áætlun renni sitt skeið, tilgangurinn tekur engum stakkaskiptum og kjarnastarfsemin er sú sama. Orkuveitan mun áfram kappkosta að reka veitukerfi af hagkvæmni og með virðingu fyrir náttúrunni og viðskiptavinum að leiðarljósi. Fyrirtækið heldur áfram að nýta náttúruna með ábyrgum hætti þannig að komandi kynslóðir fái líka notið hlunnindanna. Þau gildi sem ráða í rekstri Orkuveitunnar – hagsýni, framsýni og heiðarleiki – verða áfram leiðarljós okkar

starfsfólksins og þess vegna er svarið við spurningunni um hvað gerist eftir Planið svo einfalt: Ekkert sérstakt.

Umhverfismál á Hellsisheiði

Útblástur brennisteinsvetnis frá Hellsisheiðarvirkjun er stærsti umhverfisvandi sem Orkuveitan hefur glímt við. Fyrir almannafyrirtæki sem í meira en öld hefur stuðlað að vaxandi lífsgæðum í höfuðborginni og nærsvetnum, var það ný og býsna óþægileg staða að veita mengandi brennisteinsþef yfir byggðina. Nú teljum við að Orkuveitan hafi náð tökum á viðfangsefninu og að lausnin, sem við höfum þróað, sé varanleg.

Leiðin að lausninni byrjaði á því, rétt eins og í fjármálunum, að viðurkenna vandann. Eftir að stjórnvöld hertu á umhverfiskröfum var leitað í það vísindalega vopnabúr sem Orkuveitan bjó yfir og í framúrskarandi samstarf fræðimanna og rekstrarmanna innan og utan Orkuveitunnar. Í júnímánuði 2014 var lofthreinsistöð við Hellsisheiðarvirkjun tekin í notkun. Reynslan af henni lofar mjög góðu. Styrkur brennisteinsvetnis hefur verið innan settra marka síðan stöðin var gangsett og vísbendingar eru um að þróa megi stöðina frekar þannig að selja megi lofttegundirnar sem frá henni koma.

Uppgræðsluverkefni við Hellsisheiðarvirkjun og endurbætur eftir meira en áratugar rask framkvæmdatímans hafa vakið verðskuldaða athygli. Sá árangur sem náðst hefur með því að nýta gróður sem fyrir var gefur umhverfi virkjunarinnar allt annað yfirbragð en ef gestaplöntur væru þar. A öferðin sem þróuð hefur verið á að geta nýst miklu víðar þar sem mannvirki af ýmsu tagi hafa risið á ósnortnu landi.

Vinnustaðurinn

Þær breytingar urðu á högum okkar starfsmanna Orkuveitunnar í upphafi árs 2014 að fyrirtækjum innan samstæðu OR fjölgaði. Að lagakröfu tóku ný fyrirtæki til starfa og hefur Orka náttúrunnar, sem tók við virkjanarekstri og raforkusölu, verið mest áberandi. Flóknari samstæða gerir auknar kröfur til margra



starfsmanna þótt sameiginlegt hlutverk okkar hafi ekki breyst. Bókhald og uppgjör eru flóknari og gæta þarf sérstaklega að gegnsæi í ákvörðunum. Sjálfstæð lagaleg ábyrgð hvílir á stjórnnum og stjórnendum fyrirtækjanna innan samstæðunnar. Bera þarf virðingu fyrir sjálfstæði dótturfélaganna en á sama tíma þarf að tryggja að allir rói í sömu átt. Að loknu fyrsta starfsári uppskiptrar Orkuveitu liggur fyrir að margt hefur tekist vel, ekkert hefur farið úrskeiðis en áfram þarf að þróa stjórnhætti innan samstæðunnar í ljósi reynslunnar af þessu fyrsta starfsári.

Það er sérstaklega ánægjulegt að á þessu ári uppskiptingarinnar, sem eðlilega fylgdi nokkur óvissa, skuli starfsmenn Orkuveitunnar innan stærsta stéttarfélags starfsmanna, hafa valið fyrirtækið Stofnun ársins. Kjör Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar var viðurkenning á því að eftir miklar sviptingar undanfarin ár sé Orkuveita Reykjavíkur góður og spennandi vinnustaður þótt þaðan sé vonandi ekki spennandi fréttu að vænta.


Árið í hnotskurn


Árið í hnotskurn

-
- | | |
|---------|--|
| 1.1.14 | Ný dótturfyrirtæki Orkuveitunnar taka til starfa eftir lögboðna uppskiptingu fyrirtækisins |
| 16.1.14 | Forstjóri Orkuveitunnar boðar umbætur í hitaveitumálum á Akranesi fyrir árslok eftir ítrekaðar bilanir |
| 30.1.14 | Vefur Orkuveitunnar www.or.is fær tilnefningu til Íslensku vefverðlaunanna |
| 12.3.14 | Orkuveitan og Orka náttúttunnar gangast fyrir fjölsóttum vísindadegi |
| 13.3.14 | Stjórnvísi velur Bjarna Bjarnason forstjóra Orkuveitunnar stjórnanda ársins |
| 17.3.14 | Kristbjörg Magnúsdóttir ljósmóðir fær fyrstu rafhleðsluna á bílinn sinn í fyrstu hraðhleðslustöðinni af níu, sem Orka náttúrunnar opnaði á árinu |
| 1.4.14 | Ársreikningur Orkuveitunnar 2013 birtur með 17 milljarða hagnaði og 40 milljarða lækkun skulda |
| 3.4.14 | Mikilvægi heitavatnsframleiðslunnar á Hellisheiði kemur glögggt í ljós þegar lofttappi stöðvar rennsli um Nesjavallaæð í um tvo sólarhringa |
| 25.4.14 | Nýr sameignarsamningur og breytt eigendastefna, sem mikil sátt ríkir um, undirrituð af borgarstjóra, bæjarstjóranum á Akranesi og sveitarstjóranum í Borgarbyggð |
| 25.4.14 | Formaður stjórnar Orkuveitunnar kynnir úrbótavinnu stjórnar á opnum ársfundi |
| 2.6.14 | Félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar kjósa Orkuveituna stofnun ársins 2014 |
| 6.6.14 | Hafinn er rekstur lofthreinsistöðvar, sem hreinsar brennisteinsvetni frá Hellisheiðarvirkjun. |
-

6.6.14	Orkuveitunni veitt jafnréttisviðurkenning Jafnréttisráðs 2014.
20.6.14	Viktoría krónprinsessa Svía heimsækir Hellisheiðarvirkjun og kynnir sér jarðhitanýtingu hér á landi.
23.6.14	Ný stjórn Orkuveitunnar tekur við á aðalfundi. Haraldur Flosi Tryggvason er áfram formaður.
24.6.14	Lánshæfisfyrirtækið Reiton setur Orkuveituna í A-flokk.
29.8.14	Raflínur á Kjalarnesi lagðar í jörð. Afhendingaröryggi eykst.
24.9.14	Orka náttúrunnar hefur sölu rafmagns frá vindmyllum í Þykkvabæ.
13.10.14	Bjarni Bjarnason forstjóri Orkuveitunnar kynnir jarðhitanýtingu Íslendinga í boði Abes forsætisráðherra Japans á ráðstefnu ytra.
29.10.14	Reykjavíkurborg hlýtur náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs og umhverfisvænn veiturekstur á þátt í útnefningunni.
1.11.14	Loftslagsstjóri Sameinuðu þjóðanna, Christiana Figueres, kynnir sér árangurinn af CarbFix rannsóknar- og þróunarverkefningu við Hellisheiðarvirkjun.
19.11.14	Orkuveitan upplýsir almenning um fráveituna og rétt umgengni við hana á alþjóðlega klósettdeginum.
8.12.14	Lánshæfismatsfyrirtækið Moody's hækkar lánshæfismatseinkunn Orkuveitunnar.
17.12.14	Orkuveitan tilkynnir að fyrirtækið muni eignast mæla fyrir rafmagn og vatn að nýju en þeir voru seldir árið 2001.
18.12.14	Vatni hleypt á nýjan heitavatnsgeymi á Akranesi, sem eflir mjög afhendingaröryggi í bænum.

3. kafli
Fjármál






Fjármál


Þær róttæku aðgerðir sem gripið var til í rekstri og fjármálum Orkuveitu Reykjavíkur vorið 2011 hafa skilað fyrirtækinu traustri og stöðugri afkomu síðustu þrjú ár. Planið (sjá bls. 23), aðgerðaáætlunin sem Orkuveitan og eigendur fyrirtækisins komu sér saman um, hefur skilað tilsettum árangri og gott betur. Innri aðgerðir, aðhald í rekstri og sala eigna, höfðu við árslok 2014 skilað 30 milljörðum króna í bættri sjóðstöðu og ytri aðgerðir, lán frá eigendum og leiðrétting gjaldskráa, 19 milljörðum til viðbótar. Í lok árs 2014 hafði því tekist að styrkja sjóðstöðu Orkuveitu Reykjavíkur um 97% þeirrar fjárhæðar sem áformað var að ná fyrir árslok 2016.

Rekstur OR 2010-2014




Staðfesta við að framfylgja Planinu hefur fest í sessi það aðhald í rekstrarkostnaði sem stefnt var að. Þessi varanlegi sparnaður sést meðal annars á því að rekstrarkostnaður árið 2014 var lægri í krónum talið en árið 2010. Tekjur hafa haldist nokkuð stöðugar frá 2012. Þótt gjaldskrár hafi fylgt verðlagsþróun, hefur verðbólga á tímabilinu verið fremur lítil og skipulegar áhættuvarnir hafa treyst tekjugrunninn þrátt fyrir sveiflur í álverði og gengi.

EBITDA/Rekstrartekjur



Fastráðnir starfsmenn



Framlegð reksturs OR óx verulega með því að raforkusala hófst frá síðasta áfanga Hellsheiðarvirkjunar haustið 2011 og gjaldskrár voru leiðréttar á árunum 2010 til 2011. Mikill stöðugleiki er í framlegð rekstrarþátta síðan þá en eignasala hafði einnig nokkur jákvæð áhrif árin 2012 og 2013.

Sameining veitnanna undir merkjum Orkuveitu Reykjavíkur um aldamótin var í hagræðingarskyni. Þróun starfsmannafjölda gefur til kynna að sú hagræðing hafi í raun ekki náðst fyrr en með aðgerðum á árunum 2010 til 2012. Þá var uppbyggingu Hellsheiðarvirkjunar einnig að ljúka með áhrifum á starfsmannafjölda. Markmið um fækkun starfsfólks náðust mun fyrr en gert var ráð fyrir í Planinu.

Lánshæfismat


Lánshæfismat er mikilvægt þeim fyrirtækjum sem skipta við erlendar fjármálastofnanir. Matið hefur þann tilgang að gefa lánveitendum óhlutdræga mynd af stöðu af stöðu og framtíðarhorfum fyrirtækisins. Lánshæfiseinkunn Orkuveitu Reykjavíkur og annarra íslenskra fyrirtækja getur aldrei orðið hærrí en einkunn ríkissjóðs. Einkunnagjöf OR nýtur góðs af ábyrgðum eigenda á lánum. Í dag meta þrjú fyrirtæki lánshæfi Orkuveitu Reykjavíkur; alþjóðlegu fyrirtækin Moody's og Fitch Ratings og Reitun innanlands.

Lánshæfismatsfyrirtæki	Moody's	Fitch Ratings	Reitun
Langtímaeinkunn	B1	BB-	i.A3
Horfur	Jákvæðar	Stöðugar	Jákvæðar
Útgáfudagur	des. 2014	feb. 2015	jan. 2015

Lánshæfiseinkunnir OR hafa batnað stig af stigi á síðustu árum. Einkunnaskalar fyrirtækjanna eru mismunandi en samanburður á einkunnum Moody's og Fitch Ratings sýnir að einkunn Fitch Ratings er tveimur stigum hærrí en Moody's og Reitunar enn betri.


Rekstur

Rekstrartekjur




Tekjuaukning OR á árabílinu 2010-2014 skýrist annars vegar af leiðréttingu gjaldskráa veitna á árunum 2010 til 2011 og framleiðsluaukningu Hellisheiðarvirkjunar eftir að síðasti áfangi hennar var tekinn í notkun 2011. Auk þess hefur verið stígandi í sölu heits vatns frá hrúni.

Skipting tekna eftir starfsþáttum




Tekjum af sérleyfisstarfsemi OR eru sett mörk í lögum og reglugerðum. Raforkutekjur OR skiptast milli dreifingar og sölu og síðan skiptist salan á milli almenns markaðar og stórnotenda. Hitaveitur OR þjóna um þremur af hverjum fjórum Íslendingum og er það víðfeðmasta veitubjónusta fyrirtækisins. Tekjur OR af fráveitu þurfa að standa undir miklum fjárfestingum í fráveitukerfunum.

Rekstrargjöld




Árið 2014 var fyrsta rekstrarár OR eftir að fyrirtækinu var skipt upp að lagaboði. Kostnaði við uppskiptingu var haldið í lágmarki og áhersla lögð á að uppskiptingin myndi valda sem minnstum varanlegum kostnaðarauka. Rekstrarkostnaður var í krónum talið minni árið 2014 en árið 2010 og sé tekið mið af verðbólgu á tímabilinu nemur raunlækkun rekstrarkostnaðar 2,3 milljörðum króna frá 2010 til 2014.

EBITDA




Frá fyrsta heila árinu eftir að Planið var innleitt árið 2012, hefur framlegð reksturs OR verið stöðug og góð. Lykilatriði í þeim árangri er aðhald í rekstri á sama tíma og gjaldskrár fyrirtækisins hafa haldið verðgildi sínu. Aðrar árangursríkar áhættuvarnir hafa stuðlað að stöðugri afkomu þrátt fyrir breytingar á ytri þáttum, sem áhrif hafa á reksturinn.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld




Reiknaðar stærðir, sem ekki snerta sjóðstreymi OR en færast á rekstur, hafa veruleg áhrif á reiknaða afkomu. Verðmæti innbyggðrar álafleiðu í raforkusölusamningum og áhrif gengis á skuldastöðu eru veigamestu þættirnir í sveiflum á fjármagnsliðum ársreiknings OR. Áhrifin hafa verið neikvæð allt frá 2011 en áhættuvörnir hafa dregið úr áhrifum þessa á sjóðstreymi.

Afkoma ársins




Með því að rekstrarhagnaður hefur verið stöðugur síðustu ár og dregið hefur verið úr áhrifum álverðs og gengis með áhættuvörnum, er aukinn stöðugleiki að komast á heildarafkomu OR.

Varnarhlutfall álverðstengdrar sölu



Stöðugleiki í afkomu OR er aukinn með framvirkum samningum sem tryggja afkomu OR gagnvart mjög lágu álverði en gera einnig að verkum að verðtoppar skila sér ekki að fullu í auknum tekjum. Stöðugt er unnið að bættum áhættuvörnum vegna álverðs og gengis.


Varnarhlutfall vaxta



Eftir að aðilum á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum varð ljóst að OR hygðist fylgja Planinu af staðfestu, hefur OR boðist að festa vexti af lánum með framvirkum samningum. Vextirnir eru lágir og þegar hefur tekist að tryggja að verulegur hluti lánasafns OR muni áfram bera lága vexti næstu ár.


Efnahagur

Eignir




Virkjanir og veitukerfi OR hafa haldið bókfærðu verðmæti sínu og vel það undanfarin ár. Frá árinu 2011 hefur OR selt eignir, sem ekki voru nauðsynlegar kjarnastarfseminni. Með því hefur verðmæti annarra fastafjármuna dregist saman en veltufjármunir aukist að sama skapi.

Skuldir og eigið fé




Eigið fé OR jókst um 23% milli árána 2013 og 2014 og um 64% frá 2012. Í árslok 2014 nam eigið fé 99,4 milljörðum króna. Stöðugt er unnið að því að greiða niður langtímaskuldir en skammtímaskuldir eru einkum næsta árs afborganir langtímaskulda.

Laust fé



Pung skuldastaða OR og miklar afborganir undanfarin ár kölluðu á að meira laust fé væri fyrir hendi. Frekari aukning þess er eitt af verkefnum sem unnið er að í samræmi við Áhættustefnu OR, sem endurskoðuð var á árinu 2014.


Nettó skuldir



Árið 2013 var þyngsta afborganaár í sögu Orkuveitu Reykjavíkur. Markmið Plansins var ekki síst að afla nægs fjár til að standa við skuldbindingar þess árs. Það tókst. Nettó vaxtaberandi skuldir OR lækkuðu á árinu 2014 um 14,2 milljarða króna. Þær námu í árslok 172 milljörðum króna.


Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri




Fjármunamyndun í rekstri Orkuveitu Reykjavíkur er veruleg og stöðug.

Handbært fé frá rekstri




Vöxtur handbærs fjár hefur verið stöðugur þrátt fyrir talsverðar sveiflur í ytri áhrifaþáttum rekstursins á borð við álverð og gengi gjaldmiðla. Þessi mælikvarði sýnir að geta OR til að greiða af lánum, fjárfesta eða greiða eigendum arð, sem ekki er gert innan tímabils Plansins, er stöðugt að aukast.

Fjárfestingahreyfingar



Eftir að síðasti áfangi Hellsisheðarvirkjunar var tekinn í notkun og áherslum í endurnýjun veitukerfa var breytt með Planinu árið 2011, hafa fjárfestingar OR minnkað mikið. Þá sést glögglega á myndinni árangurinn af eignasólu, sem einnig er hluti Plansins. Áætlanir gera ráð fyrir vaxandi fjárfestingum á næstu árum, einkum í endurnýjun veitukerfa og verkefnum til að efla sjálfbærni jarðvarmavirkjananna.


Fjármögnunarahreyfingar



Frá því Planið gekk í gildi hefur OR greitt lán fyrirtækisins hratt niður. Árið 2013 var sérlega þungt en á því fimm ára tímabili sem myndin sýnir er 51,1 milljarði króna meira greitt af lánum en tekið að láni.


Aðrar kennitölur

Eiginfjárlutfall




Eiginfjárlutfall OR fór lægst í um 14% eftir hrun. Með bættri afkomu rekstursins og örri endurgreiðslu lána hefur eiginfjárlutfall hækkað síðustu ár. Eigið fé OR nam 99,4 milljörðum króna í árslok 2014.

Veltufjárlutfall




Vorið 2011, þegar Planinu var hleypt af stokkunum, blasti við fyrirtækinu mjög erfið lausafjárstaða, ekki síst þar sem aðgangur að fjármálamörkuðum var ekki fyrir hendi. Árangur Plansins og aðrar aðgerðir til að styrkja sjóðstöðu fyrirtækisins hafa bætt veltufjárlutfallið. Það þarf þó að styrka enn frekar.

Nettó skuldir / EBITDA



Mælikvarðinn sýnir hversu mörg ár það tæki OR að greiða upp skuldir fyrirtækisins ef allri framlegð rekstursins væri varið til þess. Mikil niðurgreiðsla lána og stöðug framlegð hefur stýtt þennan tíma um meira en helming frá árinu 2010.

Arðsemi fjármagns (ROCE)




Í eigendastefnu OR, sem var endurskoðuð á árinu 2014, er kveðið á um innleiðingu mælikvarða sem sýni arðsemi þess fjármagns sem eigendur hafa bundið í rekstrinum. Hún skal að lágmarki vera umfram fjármagnskostnað fyrirtækisins að viðbættu eðlilegu áhættuálagi.

Planið

Aðgerðaáætlun eigenda og OR, Planinu svonefndu, var hleypt af stokkunum í byrjun apríl árið 2011. Skýrsla um framgang þess hefur verið gefin út ársfjórðungslega síðan. Planið er forgangsverkefni. Markmið þess er að bæta sjóðstreymi ekki síst með því að byggja upp sparnaðarmenningu innan fyrirtækisins.

Þróun ytri þátta hefur orðið óhagstæðari en gert var ráð fyrir í forsendum Plansins. Með markvissum aðgerðum hefur tekist að veða þetta upp þannig að heildarárangurinn í árslok 2014 var 5,7 milljörðum króna umfram markmið, eða 13%. Þar af eru 3,5 milljarðar króna vegna innri aðgerða í rekstri Orkuveitu Reykjavíkur.

Árangur Plansins



PLANID

Planið - Ma.kr	Planið		Raun	
	2011-2016	2011-2014	2011-2014	2011-2014
Lækkun fjárfestinga í veitukerfum	15,0	9,9	✓	12,2
Eignasala	10,0	10,0	✗	9,0
Lækkun rekstrarkostnaðar	5,0	3,0	✓	4,6
Lækkun annarra fjárfestinga	1,3	0,9	✓	1,3
Frestun fjárfestinga vegna fráveitu	0,0	2,9	✓	3,2
Samtals - Innri aðgerðir	31,3	26,7	✓	30,2
Víkjandi lán frá eigendum	12,0	12,0	✓	12,0
Auknar tekjur vegna leiðréttingar gjaldskrár	8,0	5,2	✓	7,4
Samtals - Ytri aðgerðir	20,0	17,2	✓	19,4
Samtals aðgerðaráætlun	51,3	43,9	✓	49,6

Vissir þú?


Til að afla tekna sendir Orkuveita Reykjavíkur viðskiptavinum um 370.000 reikninga í hverjum mánuði. 70% reikninganna eru rafrænir.


Vissir þú?

Orkuveitan þarf gjaldeyri til að greiða af erlendum lánum en um fimmtungur af tekjum samstæðunnar eru líka í erlendri mynt.

4. Kafli

Viðskiptavinurinn í öndvegi





Viðskiptavinurinn í öndvegi

Hlutverk Orkuveitu Reykjavíkur er veiturekstur og orkuöflun sem leggja grunn að lífsgæðum fólks í samfélaginu. Til að rækja þetta mikilvæga hlutverk hefur starfsfólk gildi fyrirtækisins hagsýni, framsýni og heiðarleika, ávallt að leiðarljósi.

Árið 2014 var fyrsta starfsár breyttrar samstæðu Orkuveitunnar eftir að lagabreyting um fyrirtækjaaðskilnað sérleyfis- og samkeppnisþátta rekstursins tók gildi. Dótturfyrirtækið OR-Veitur tók við rekstri og uppbyggingu veitukerfanna og Orka náttúrunnar við framleiðslu og sölu rafmagns. Gagnaveita hefur verið rekin í dótturfélagi frá 2007.

Starfsfólk móðurfélagsins sinnir ýmiskonar þjónustu fyrir fyrirtæki samstæðunnar. Þar má nefna þjónustu við viðskiptavini, vísindarannsóknir, innkaupa og fjármálaþjónustu, starfsmannamál og sameiginlega sérfræðiþjónustu. Hér er gefin skýrsla um það hvernig til tókst að sinna því meginhlutverki Orkuveitunnar að byggja upp veitukerfi af framsýni, reka þau af hagsýni og eiga heiðarleg samskipti við fólk.

Hefðbundin veitupjónusta Orkuveitunnar nær til 20 sveitarfélaga á sunnan- og vestanverðu landinu. Viðtækastur er rekstur hitaveitu sem nær til um 3/4 hluta þjóðarinnar, þá rafveitu sem þjónar um helmingi Íslendinga, rekstur fráveitu er í svipuðu hlutfalli og að lokum ber að nefna rekstur vatnsveitna Orkuveitunnar sem þjóna um fjórum landsmönnum af hverjum tíu. Rekstur vatns- og fráveitna er skylduverkefni sveitarfélaga sem falin hafa verið Orkuveitunni en rafveita fyrirtækisins og flestar hitaveitur eru reknar með sérleyfi. Virkjanirnar og ljósleiðarinn eru á

samkeppnismarkaði og sérstakir kaflar í þessari ársskýrslu eru tileinkaðir starfsemi Orku náttúrunnar og Gagnaveitu Reykjavíkur á árinu 2014.

Þjónustan 2014

Í upphafi síðustu aldar, áður en vatns- og fráveita var stofnuð í höfuðborginni, báru vatnsberar vatnið í hús í fötum og tóku sumir kamarföturnar út í bakaleiðinni. Gjarna var greitt fyrir þjónustuna á staðnum. Nú tengjast veitukerfin hverju heimili og samskipti kaupanda og seljanda þjónustunnar eru að mestu leyti rafræn.


Fyrirtækið fylgist skipulega með ánægju viðskiptavina með þjónustuna og greint er á milli þeirra sem hafa samband og þeirra sem ekki hafa samband. Niðurstöður sýna vaxandi ánægju beggja hópa. Ennfremur eru niðurstöður kannana rýndar til að fá sem gleggsta mynd af því hvernig starfsfólk Orkuveitunnar getur helst bætt þjónustuna. Sú rýni hefur meðal annars leitt til þessara umbótaverkefna síðustu misseri:

- Aukin þjónustupjálfun starfsfólks.
- Aukin þjónusta og sýnileiki þjónustufulltrúa á vettvangi.
- Umbætur á verklagi við innheimtu.
- SMS skilaboð við bilanir.
- Aukin þjónusta á Mínum síðum á vef Orkuveitunnar, www.or.is.
- Endurskoðun á verklagi við afgreiðslu ábendinga og kvartana.

Tíðustu samskipti Orkuveitunnar og viðskiptavina eru að fyrirtækið sendir þeim reikninga. Í hverjum mánuði sendir Orkuveitan út um 370.000 reikninga. Flestir þeirra orðnir rafrænir, eða tveir þriðju hlutar. Athugasemdir vegna reikninganna eru tiltölulega fátíðar. Getur það ráðist af því að



Straumleysismínútur á notanda



Straumleysismínútur á notanda eru reiknaðar út með því að skipta samanlagðri lengd rafmagnsleysis, sem viðskiptavinir urðu fyrir, niður á hvern viðskiptavin rafveitunnar. Tvær aðveitubílanir á höfuðborgarsvæðinu eiga stærstan þátt í aukningunni árið 2014.

mælinga-, álestra- og reikningagerðarkerfi Orkuveitunnar virka sem skyldi og að fyrirtækinu hefur tekist það sem því er falið í eigendastefnu, að tryggja viðskiptavinum þjónustu á sanngjörnu og samkeppnishæfu verði.

Umfangsmesta verkefni þjónustusviðs Orkuveitunnar árið 2014 var endurgerð reikningakerfis til að uppfylla lagaskyldu um aðskilnað sérleyfis- og samkeppnisþátta í rekstrinum. Upp úr miðju ári 2014 fengu viðskiptavinir aðskilda reikninga. Til að koma í veg fyrir aukinn kostnað viðskiptavina vegna innheimtunnar eru reikningar sameinaðir í eina kröfu og því fjölgar ekki seðilgjöldum þrátt fyrir breytinguna.

Á árinu 2014 ákvað Orkuveitan að taka á ný við notkunarmælum fyrir rafmagn og vatn hjá viðskiptavinum á þjónustusvæði sínu. Orkuveitan og forverar hennar sáu fyrir á árum um mælana eða til ársins 2001 þegar Frumherji hf. keypti þá í kjölfar útboðs og leigði Orkuveitunni til afnota. Frumherji hefur síðan átt og rekið mælasafnið. Núgildandi þjónustusamningur Orkuveitunnar og Frumherja var gerður eftir útboð árið 2007 og rennur út í maí 2015.

Veitureksturinn 2014

Margir starfsmenn Orkuveitunnar tóku þátt í því á árinu 2014 að standa vörð um neysluvatnsauðlindina. Nokkur sveitarfélög, einkum á höfuðborgarsvæðinu, kynntu skipulagsáform til langrar framtíðar og lögð var fram tillaga að nýju Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Gerð sameiginlegs skipulags er eina lögbundna samstarfsverkefni þeirra og OR.

Tillaga að nýju svæðisskipulagi byggir á niðurstöðum ýtarlegri rannsóknna en áður hafa verið gerðar á þeim grunnvatnsstraumum sem renna undir víðáttumiklum hraunum vestan Bláfjalla. Orkuveitan nýtir þessa strauma þar sem þeir renna undir Heiðmörkinni og það er jafn áriðandi að þeir komist

ómengaðir þangað og svo þaðan í gegnum vatnsveituna til heimila fólks og fyrirtækja. Síðustu áratugi hefur hætta á mengun vatnsbólanna aukist með því að ýmis umsvif, sem auðlindinni stafar hætta af, hafa færst nær Heiðmörk. Áhugi á aukinni ferðþjónustu á Bláfjallasvæðinu er líka áhyggjuefni. Í skipulagstillögunni er, að mati Orkuveitunnar, spyrnt við fótum.

Starfsfólk Orkuveitunnar hefur í fjölda umsagna sem gefnar voru um skipulagsáætlanir á árinu 2014 brýnt sveitarstjórnir til öflugrar vatnsverndar. Afraksturinn ræðst af formlegri niðurstöðu sveitarstjórnanna, sem ekki lá fyrir í árslok 2014.

Rekstur veitukerfa Orkuveitunnar árið 2014 gekk þrýðilega. Afhendingaröryggi rafmagns var 99,996% og lagning loftlína í jörð á Kjalarnesi bar augljósan ávöxt í stormum undir lok ársins. Elliðavatnslína var líka sett í jarðstreng á árinu. Bilanir í stærstu veitukerfunum voru fátíðar. Brestur á afhendingu vegna viðhalds er líka sjaldgæfari meðan á ströngu aðhaldi í fjárfestingum Orkuveitunnar stendur. Helstu frávikin á árinu 2014 voru þessi:

Viðvarandi rekstrartruflanir voru í hitaveitu á Akranesi vegna bilana á aðveituæðinni frá Deildartungu og takmarkaðs vatnsforða í geymi við bæinn. Bygging nýs og stærri vatnsgeymis hófst á árinu og var henni lokið undir lok árs.

Lofttappi myndaðist í Nesjavallalögninni í febrúar og skapaðist óvissa um heitavatnsöflun á höfuðborgarsvæðinu um tíma. Vel gekk að bæta úr eftir að eðli bilunarinnar uppgötvaðist og ekki kom til neins vatnsleysis vegna þessa.

Tvær óvanalega víðtækar truflanir urðu í háspennuhluta rafdreifikerfisins á höfuðborgarsvæðinu. Önnur þeirra varð vegna mistaka, hin vegna bilunar í búnaði. Ýtarlega var farið yfir bæði tilvik í úrbótaskyni.

Þjónustuloforð Orkuveitu Reykjavíkur

Viðmót: Við hlustum, veitum ráðgjöf og tökum vel á móti viðskiptavinum.


Svartími: Við svörum viðskiptavinum eins fljótt og kostur er og hringjum til baka samdægurs sé þess óskað.

Úrlausn mála: Við leysum mál af fagmennsku og upplýsum um framgang þeirra.

Áreiðanleiki: Við bregðumst við eins hratt og auðið er. Í bilanatilfellum leggjum við áherslu á að koma í veg fyrir slys á fólki og/eða tjón á mannvirkjum.

Öryggi: Við setjum öryggi viðskiptavina og starfsmanna í forgang. Við erum ábyrg á vettvangi, afmörkum vinnusvæði okkar og erum sýnileg á verkstað.

Niðurstöður þjónustukannana 2014



Vissir þú?

Eignarhaldi Orkuveitunnar á jörðinni Elliðavatni fylgir í senn ábyrgð á útivistar-svæðinu í Heiðmörk, leigu fyrirtækisins á skikum undir bústaði, veiðileyfum í vatninu og nærliggjandi ám, menningarverðmætum á fæðingarstað Einars Benediktssonar og neysluvatnsauðlind borgarbúa. Forgangur neysluvatnsins er skýr.



Orkuveita Reykjavíkur fylgist með ánægju viðskiptavina meðal annars með könnunum, sem gerðar eru á tveggja mánaða fresti. Stór könnun er gerð árlega en þessar umfangsminni gefa góðar vísbendingar. Hér að ofan sést þróun á árinu 2014 á svörum við spurningunni: Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með þjónustu Orkuveitunnar?

Í nokkrum veitum glímdi Orkuveitan við vandamál, sem verið hafa misjafnlega viðvarandi. Vatnslítið varð í Grundarfirði snemma árs sem greitt var úr með bættum stýribúnaði við vatnsbólið. Í Grábrókarveitu hefur orðið vart við fingert grugg. Þó magn þess hafi verið innan viðmiðunarmarka fyrir neysluvatn hafa einstakir viðskiptavinir ama af. Nýr síubúnaður verður settur upp á árinu 2015 til að sporna við þessu. Þá er unnið að frekari vatnsöflun fyrir hitaveituna í Rangárfingri.

Endurnýjun veitukerfa

Þannig vill til að á næstu árum verða nokkrar umfangsmestu fjárfestingar Orkuveitunnar á Vesturlandi. Á árinu 2014 hófst bygging nýrrar aðveitustöðvar rafmagns á Akranesi. Hún þjónar þeim tvenna tilgangi að auka flutningsgetu og skapa rými fyrir nýja byggð. Spenna verður hækkuð á dreifikerfinu með nýju stöðinni og þar með eykst flutningsgetan. Hún stendur við Smiðjuvelli, spottakorn frá þeirri eldri, þar sem ný byggð er fyrirhuguð.

Heitavatnsgeymir var byggður á Akranesi á árinu 2014. Hann er um þrefalt stærri en sá sem fyrir var og eykst afhendingaröryggi á heitu vatni í bænum sem því nemur. Þörfin fyrir þann ræðst ekki eingöngu af því hversu tíðar bilanir eru á lengstu heitavatnslögn landsins – Deildartunguæðinni – heldur ekki síður að fyrirsjáanlegt er að rjúfa þarf rennslið ítrekað á næstu árum, meðan unnið verður að endurnýjun æðarinnar. Enn á eftir að endurnýja um 40 kílómetra af æðinni og verður verkið unnið í áföngum næsta áratuginn eða svo.

Á höfuðborgarsvæðinu er unnið að endurnýjun Reykjaæða, sem liggja frá jarðhitasvæðum í Mosfellsbæ að geymunum á Öskjuhlíð. Fram til þessa hefur endurnýjunin að mestu verið í útjaðri borgarinnar. Á næstu árum flyst þvinginn inn fyrir borgarmörkin með tilheyrandi raski innan byggðarinnar.


Endurnýjun stórra flutningsæða eru miklar framkvæmdir. Það eru líka allsherjarendurnýjanir á veitukerfum í eldri hluta borgarinnar. Í miðborg Reykjavíkur hefur verið unnið að slíkri endurnýjun í áföngum. Á árinu 2014 var hluti Hverfisgötu endurnýjaður með þessum hætti. Fleiri slík samvinnuverkefni með Reykjavíkurborg eru framundan í miðborginni.

Árið 2014 var annað árið í röð sem sólarleysi á Suðvesturlandi jók þörf fyrir kyndingu yfir sumarmánuðina. Notkun á heitu vatni sló þó ekki árinu 2013 við, þegar hvert metið af öðru í heitavatnsnotkun á höfuðborgarsvæðinu var slegið. Á árinu var unnið að þróun spálíkans fyrir hitaveituna á höfuðborgarsvæðinu. Margar breytur hafa áhrif á það hvernig notkunin mun þróast, svo sem mannfjöldaspár, hvernig ný byggð mun dreifast og veðurfar. Næsti áfangi heitavatnsöflunar er stækkun varmastöðvar Hellisheiðarvirkjunar. Það er mikil fjárfesting og mikilvægt að róaast ekki í hana fyrr en þörf er á því annars er mikil fjárfesting ónýtt. Það skipir máli að það sé heldur ekki of seint því þá getur komið til skorts á heitu vatni á köldum dögum. Það er efni í samtali milli Orkuveitunnar og viðskiptavina hversu mikið aukið öryggi má kosta.

Nú er áformað að stækka stöðina árið 2020. Í undirbúningi eru nákvæmari greiningar á framtíðarþörf fyrir heitt vatn, áhættunni sem í því felst verði stöðin ekki tilbúin þegar hennar verður þörf og hvernig brugðist verði við því. Á árinu var einnig unnið að því að treysta aðföng hitaveitna Orkuveitunnar í Rangárfingri og á Vesturlandi.

Hluti af Planinu, aðgerðaáætluninni til að koma fjárhag Orkuveitunnar fyrir vind, var frestun mikilla fjárfestinga í fráveitum á Vesturlandi. Lokið var við byggingu fjögurra lífrænna hreinsistöðva skólps í uppsveitum Borgarfjarðar en frestað að ljúka við dælustöðvar og lagningu sjólagna í Borgarnesi, á Akranesi og einnig á Kjalarnesi. Á árunum

Dreifing á heitu vatni á höfuðborgarsvæðinu eftir mánuðum



Dreifing á heitu vatni á höfuðborgarsvæðinu árið 2014 var 3 þúsundu rúmmetrum minni en árið 2013 sem var metár. Veður hafa mikil áhrif á notkunina.

2015 og 2016 verður lokið við þessi mikilvægu verkefni. Þá munu allar fráveitur Orkuveitunnar uppfylla opinberar kröfur.

Samstarf veitnanna og viðskiptavina

Þann 19. nóvember ár hvert er alþjóðlegur salernisdagur Sameinuðu þjóðanna. Samtökin vekja þá athygli á því hversu mikilvægt klósettíð er fyrir heilbrigði almennings. Visthæf fráveita hefur verið rekin í Reykjavík um árabíl en marga af þeim erfiðleikum sem upp koma í rekstri hennar má rekja til þess að sorp á borð við hreinsklúta, dömubindi, eyrnapinna, bleiur og smokka, rata ofan í klósettskálina. Á árinu 2014 réðust OR-Veitur í verulegar fjárfestingar til aukinnar hreinsunar þess úrgangs sem frá hreinsistöðvum fráveitunnar fara. Fyrirhugað er að efla upplýsingagjöf til almennings til að draga úr magni sorps sem fer um fráveituna. Bætt umgengni um fráveituna stuðlar að lægri rekstrarkostnaði og þar með lægri fráveitugjöldum.

Samskiptamál Orkuveitunnar og íbúa komu einnig til skoðunar í tengslum við eldgosíð í Holuhrauni. Vísindamenn töldu og telja raunar enn þann möguleika vera fyrir hendi að eldgosíð færðist í Bárðarbungu með hugsanlegu jökulhlaupi til vesturs. Það hefði haft alvarleg áhrif á umfangsmikla rafmagnsframleiðslu Landsvirkjunar úr Þjórsá og Tungnaá og flutning raforku þaðan.

Vegna þessa fór starfsfólk Orkuveitunnar yfir áætlanir um skömmun á rafmagni til fólks og fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Fundir voru tíðir síðari hluta ársins með fulltrúum Landsnets, Almannaávarnardeildar Ríkislögreglustjóra og staða og fyrirhuguð viðbrögð voru kynnt fyrir Almannaávarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins. Það samstarf leiddi í ljós, að mati Orkuveitunnar, að í lok árs 2014 vantaði nokkuð upp á að fyrirséð væri hvernig raforku yrði miðlað frá landsnetinu við mikil áföll í framleiðslu eða flutningi. Flöskuhálsar í flutningskerfi rafmagns á Íslandi valda þar nokkru en líka óvissa um hvernig komið verður til móts við ólíka hagsmuni almenningsveitna og stórnotenda.



Vissir þú?

Vísindafólk á þróunarsviði Orkuveitunnar fylgist náið með ástandi þeirra auðlinda sem fyrirtækinu er treyst fyrir. Margvíslegar mælingar á efni og eðli eru gerðar til að leita staðfestingar á stöðugu ástandi og vísbendinga um breytingar sem bregðast þurfi við.



Vissir þú?

Sýrustig kalda vatnsins okkar, þ.e. pH gildi á Reykjavíkursvæðinu er frá 8,75 uppí tæp 9 sem er frekar hátt. Ástæða þess er að vatnið okkar rennur í gegnum hraun sem er ríkt af basalti.

Hyggindi sem í hag koma

Á árinu 2014 fékkst ein órækasta sönnun þess að koltvísýring, sem er aðdrifaríkasta gróðurhúsalofttegundin, má binda varanlega í basalhraunin á Hellisheiði. Rannsóknir á borkjörnum sýndu að koltvísýringur úr útblæstri Hellisheiðarvirkjunar, sem blandað hafði verið við vatn og dælt niður í berggrunninn, var orðinn að grjóti. Hagnýting þekkingarinnar sem að baki liggur sýndi sig líka á árinu þegar rekstur lofthreinsistöðvar hófst við Hellisheiðarvirkjun. Hún hreinsar, auk koltvísýrings, brennisteinsvetni úr útblæstri virkjunarinnar, sem bundið er í berglögum með samskonar aðferðum. Rekstur stöðvarinnar gekk vel á árinu og virðist sem þarna sé fundin varanleg lausn á þeim brennisteinsvanda sem fylgt getur nýtingu jarðhita.

Vísindaleg tilgáta þess efnis, að hægt væri að binda koltvísýring í íslensku basalti, var fyrst rædd á fundi íslenskra og erlendra vísindamanna, sem forseti Íslands boðaði til í ársbyrjun 2006. Þar mættust öflugir sérfræðingar í loftslagsfræðum, jarðefnafræði, jarðeðlisfræði og jarðhitanýtingu. Ári síðar var rannsóknar- og þróunarverkefnið CarbFix mótað með þátttöku Orkuveitunnar, Háskóla Íslands, Columbia háskóla í Bandaríkjunum og Franska rannsóknarráðinu. Frá upphafi hefur Orkuveitan haldið utan um verkefnið.

Tugir vísindamanna hafa komið að þróun og prófun hugmyndanna á þeim tæpa áratug sem liðinn er frá hugmyndastigi þeirra. Á milli 60 og 70 vísindagreinir tengdar verkefninu hafa verið birtar á alþjóðavettvangi og margt

ungt vísindafólk fjallað um efnið í meistara- eða doktorsverkefnum sínum. Sérstaða gasverkefnanna tveggja er þó aðgangur vísindafólksins að hinnri risastóru tilraunstofu sem Hellisheiðarvirkjun og nágrenni hennar er. Tæknimenn, iðnaðarmenn, stjórnendur og aðrir sem að rekstrinum koma geta því reynt hugmyndir vísindamanna um leið og þær eru settar fram. Þannig er hægt að kanna fljótt hvort þær ganga upp í raun.

Systurverkefni CarbFix, brennisteinsverkefnið SulFix, kom fyrst til tals fljótlega eftir að CarbFix verkefnið var stofnað. Rannsóknir hófust árið 2008 og á árunum 2009 til 2011 tvíannaðist vinna við það sífellt meira saman við CarbFix-verkefnið. Árið 2012 tókst að dæla niður í berggrunninn 100 tonnum af blöndu lofttegundanna tveggja og 2013 hófst hönnun og síðar smíði á lofthreinsistöðinni, sem tekin var í notkun í júní 2014. Hún er enn í tilraunarekstri sem og niðurdælingarkerfið, sem liggur frá stöðinni. Nú þegar hefur verið sýnt fram á að á milli 80 og 90 prósent af koltvísýringi og brennisteinsvetni sem dælt var niður á tilraunastigi verkefnanna hafði bundist sem steindir í berggrunninum innan eins árs. Þá er ákaflega mikilvægt að niðurdælingarholur hafa ekki stíflast í tengslum við verkefnið.

Tilraunarekstur lofthreinsistöðvarinnar og niðurdælingarkerfisins, sem tengist því, gengur því vel og lofar góðu um framhaldið. Sterkar vísbendingar eru um að varanleg lausn sé fundin á brennisteinsvandanum, sem hefur verið stærsta verkefni Orkuveitunnar í umhverfismálum síðustu ár.

Þá eru teikn á lofti um að frekari þróun lofthreinsistöðvarinnar gefi kost á að safna saman nægilega hreinum koltvísýringi til að hann verði söluvara til hagnýtingar í iðnaði eða ylrækt. Með því skapaði jarðhitalofttegundin tekjur og fjölnýting jarðhitans á Hellisheiði ykist.

Kostnaður Orkuveitunnar við SulFix verkefnið og byggingu fyrsta áfanga lofthreinsistöðvarinnar nam í árslok 2014 um einum milljarði

króna. Það eru verulegir fjármunir. Til hliðsjónar verður þó að hafa að hefðbundnar efnalausnir til hreinsunar brennisteins frá iðnaðarferlum eru taldar myndu kosta upp komnar við Hellisheiðarvirkjun um 4,3 milljarða króna, auk 600 milljóna króna rekstrarkostnaðar á ári hverju. Hyggindi vísinda- og tæknifólks við þróun CarbFix og SulFix verkefnanna hafa því heldur betur í hag komið.

MÍNAR SÍÐUR

Orkuveitan leggur sífellt meiri áherslu á að viðskiptavinir geti verið í sambandi við fyrirtækið þegar þeim hentar. Á Mínum síðum á www.or.is má m.a. sjá reikninga aftur í tímann, fylgjast þannig með notkun og senda inn álestur. Þar eru einnig að finna góð ráð og hægt að bera eigin notkun saman við notkun annarra í samskonar húsnæði.



Vissir þú?

Skömmtnunaráætlun Orkuveitunnar, komi til alvarlegra bresta í raforkukerfinu, er eins og laukur sem flysjað er utan af. Í innsta kjarna eru stofnanir sem sinna heilbrigði og öryggi landsmanna.

5. Kafli

Ágrip úr umhverfisskýrslu





Ágrip úr umhverfisskýrslu



Áratugum áður en umhverfisvöktun varð til í íslensku máli hófu vísindamenn á vegum veitnanna skipulega gagnaöflun um áhrif rekstursins á auðlindirnar sem nýttar eru. Í seinni tíð hefur sjónarhornið víkkað. Orkuveitan tekur í síauknu mæli mið af víðfeðmari hugmyndum um sjálfbæran rekstur þegar lagt er mat á umhverfisáhrif starfseminnar.

Fimm megin sjónarmið eru sett fram í umhverfis- og auðlindastefnu Orkuveitu Reykjavíkur sem fyrirtækið miðar sjálfbæra starfsemi sína við.

Ábyrg auðlindastýring

Að komandi kynslóðir eigi sömu tækifæri og núlifandi kynslóðir til að nýta auðlindirnar og að unnt sé að staðfesta að þannig sé að verki staðið. Orkuveitan leitar farsælla lausna þar sem auðlindanýting í almannabágu er vegin og metin í samhengi við aðra hagsmuni.

Gagnsemi veitnanna

Þjónustan stuðlar að heilnæmum lífs-skilyrðum fólks og tækifærum til umhverfisvænnar starfsemi. Orkuveitan setur sér metnaðarfull markmið um gæði, afhendingaröryggi og hagkvæmni og birtir greinargóðar upplýsingar um frammistöðuna.

Áhrif losunar

Orkuveitan dregur úr losun mengandi efna eins og kostur er og leggur áherslu á rannsóknir og þróun til að beita bestu mögulegum lausnum.

Áhrif í samfélaginu

Vegna stærðar sinnar vegur Orkuveitan þungt á landsvísu. Starfsfólkið býr yfir mikilvægri þekkingu og reynslu sem því er ætlað að miðla. Það hvetur til ábyrgar umgengni við umhverfið og jákvæðra áhrifa á samfélagið.

Reksturinn

Orkuveitan vill vinna með skipulegum og öguðum hætti þannig að aðföng verði nýtt vel, vandað sé til mannvirkja og umgengni um lóðir og lendur, ábyrgð ríki í meðferð úrgangs og hvatt sé til vistvænna samgangna og lífsstíls.

Að baki þessum meginmarkmiðum í umhverfis- og auðlindastefnu Orkuveitunnar býr 21 umhverfisþáttur, sem hver fyrir sig gegnir þýðingarmiklu hlutverki í umhverfismálum. Frammistaða fyrirtækisins í hverjum þætti er metin ár hvert og niðurstöðum lýst í umhverfisskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur. Slík skýrsla hefur komið út árlega frá aldamótum. Umhverfisskýrslan er gefin út samhliða ársskýrslu fyrirtækisins.

Umhverfismálum hjá Orkuveitunni er stýrt með kerfisbundnum hætti. Það felur í sér að vel er fylgst með þeim áhrifum sem reksturinn hefur á umhverfið og unnið er að umbótum þar sem þess er þörf. Engin stór-áfall urðu í umhverfismálum Orkuveitunnar árið 2014 og reksturinn var í samræmi við markmið um þjónustu við fólk og fjárhagsleg markmið. Áfram var unnið á árinu að mikilvægum umbótum og markverðum áföngum náð í nokkrum þeirra.

Helstu verkefni 2014

Helstu viðfangsefni Orkuveitunnar í umhverfismálum á árinu 2014 voru þessi:

- Að beina athygli að og efla skilning á mikilvægi vatnsverndar, einkum í Heiðmörk.
- Að tryggja ábyrga vinnslu úr vatnslindum Orkuveitunnar.
- Að draga úr styrk brennisteinsvetnis frá jarðgufuvirkjunum í andrúmslofti.
- Að endurheimta staðargróður vegna rasks við byggingu Hellisheiðarvirkjunar.
- Að tryggja ábyrga vinnslu úr jarðhitasvæðunum í Henglinum.
- Að draga úr yfirborðslosun á heitu vatni frá Nesjavallavirkjun.



Markverður árangur á árinu 2014

Tillaga að nýju svæðisskipulagi höfuðborgar-svæðisins var auglýst undir lok árs 2014. Vatnsvernd er eitt af meginmarkmiðum nýja skipulagsins. Afmörkun vatnsverndarsvæða í tillöggunni tekur mið af mun nákvæmari rannsóknum en áður, sem er traustvekjandi. Samhliða breyttri afmörkun vatnsverndarsvæðanna þarf að ákveða hvaða reglur skuli gilda um umsvif á svæðunum. Margir eiga hagsmuna að gæta og því þarf að setja ólík sjónarmið. Svára þarf spurningum á borð við hvar á að setja útivist almennings og ferðaþjónustu skorður, hvar fellur skógrækt að vatnsverndinni og hvort íbúabyggð sé réttlætanagerleg í grennd við vatnsból, sem meira en helmingur þjóðarinnar nýtir.

Orkuveitan bindur vonir við að nýtt skipulag vatnsverndar nýtist til að verja þá mikilvægu auðlind sem aðgangur að heilnæmu og ómeðhöndluðu neysluvatni er. Fyrirhugað er að virkja þrjár borholur og auka þannig vatnsvinnslu í Vatnsendakirkum til að auka öryggi í rekstri vatnsveitunnar ásamt því að bregðast við fyrirsjáanlegri fjölgun íbúa næstu fimmtán árin. Árið 2014 var unnið að undirbúningi umsókna um vinnsluna.

Miklir fjármunir og vinna hefur verið lögð í að draga úr styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti frá jarðgufuvirkjunum Orku náttúrunnar á Hengillsvæðinu. Á miðju ári 2014 gengu í gildi hert mörk reglugerðar um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti og um sama leyti var tekin í notkun lofthreinsistöð við Hellsisheiðarvirkjun. Þar sem ekki var útséð um árangur af hreinsuninni var sótt um tímabundna undanþágu frá hertum ákvæðum til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Hún var veitt til tveggja ára með nokkrum skilyrðum, sem kappkostað er að uppfylla. Lofthreinsistöðin er enn í tilraunarekstri. Virkni hennar lofar góðu og ekki reyndi á undanþágu ráðuneytisins árið 2014. Einnig var ákveðið að reisa gufuháf við virkjunina. Heitri gufu blandaðri brennisteinsvetni verður þeytt upp um hann. Rannsóknir á veðurfari þar benda til að með honum megi auka dreifingu brennisteinsvetnis og stuðla með því að lægri styrk í andrúmslofti í byggð. Náðið verður fylgst með árangri þessarar tilraunar.

Með vísindalegum rannsóknum hefur tekist að þróa aðferðir við að græða raskað land á Hellsisheiði. Ein sérstaða aðferðanna felst í því að endurheimta staðargróður,

það er gróður sem fyrir var á svæðinu og hefur árangur af landgræðslunni ekki látið á sér standa.

Lagning gufuveitu frá jarðhitasvæðinu í Hverahlíð að Hellsisheiðarvirkjun hófst á árinu 2014. Fljótlega eftir að Hellsisheiðarvirkjun var fullbyggð kom í ljós að núverandi vinnslusvæði jarðhita stendur ekki undir fullri framleiðslugetu til langframa. Við Hverahlíð átti Orkuveitan nokkrar borholur, sumar mjög öflugar, og því skynsamlegast að stækka vinnslusvæðið og tengja holurnar virkjuninni í stað þess að bora nýjar nær eða að láta afköst virkjunarinnar dragast saman. Þannig verður unnt að hvíla hluta núverandi vinnslusvæðis virkjunarinnar. Við undirbúning að lagningu gufuveitunnar var áhersla lögð á góð samskipti við hagsmunaaðila og öfluga upplýsingagjöf um fyrirhugaðar framkvæmdir. Rask verður talsvert og framkvæmdirnar áberandi enda við einn fjölfarnasta þjóðveg landsins. Áfram verður lögð áhersla á að fólk hafi greiðan aðgang að upplýsingum um verkefnið, markmið þess og umfang.

Þróun á losun vinnsluvatns frá jarðhita-virkjunum er skýrt dæmi um breytt viðhorf til jarðhitanytingar á Íslandi. Heitt vatn frá virkjunum, sem reistar voru fyrir nokkrum áratugum, hefur verið losað út í náttúruna með ýmsum hætti, í lón eða læk. Nú er almennt gerð sú krafa að vinnsluvatni sé dælt aftur niður í jarðhitageyminn til að nýta betur jarðhitaaúðlindina. Þannig er málum háttað við Hellsisheiðarvirkjun en ekki á Nesjavöllum þar sem jarðhitanyting hófst árið 1990. Áður en Nesjavallavirkjun var reist rann jarðhitavatn í lindum við Þingvallavatn. Þegar rafmagnsframleiðsla hófst við virkjunina, árið 1998, jókst verulega straumur vinnsluvatns sem losað var á yfirborð. Með því hækkaði hiti í lindum og áhrifanna gættir við bakka Þingvallavatns. Þetta er sérstaklega áberandi að sumarlagi þegar minni þörf er fyrir heita vatnið frá virkjuninni til húshitunar. Fylgst er með lífríki í Þorsteinsvík við Þingvallavatn og sýna niðurstöður mælinga að efnamengun hefur ekki marktæk áhrif á lífríkið. Árið 2015 hefst borun niðurdælingarhola við Nesjavallavirkjun til að draga úr yfirborðslosun.

Vissir þú?

Orkuveitan starfar í samræmi við alþjóðlega gæðastaðla. Þeirra á meðal er umhverfisstjórnunarstaðallinn ISO 14001. Það felur í sér að stöðugt er fylgst með umhverfisáhrifum rekstursins og leitað er úrbóta þar sem þess er þörf. Tvisvar á ári vottar óháður aðili að starfað sé í samræmi við kröfur staðalsins.

6. Kafli

Mannauður og öryggi





Mannauður

Til að Orkuveitan geti skilað sínu mikilvæga hlutverki þarf starfsfólkið að búa yfir hæfni, þekkingu og þjónustuvilja. Orkuveitan leggur metnað í að vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem aðbúnaður og starfskjör eru samkeppnishæf, starfsánægja ríkir, starfsþróun er sinnt og sveigjanleiki, heilsuefling og jafnrétti eru lifandi þættir í daglegu starfi.

STARFSMANNAFJÖLDI

	Orkuveita Reykjavíkur sef. (móðurfélag)				OR-Veitur ohf.	Orka náttúrunnar ohf.	Gagnaveita Reykjavíkur ehf.
	Stoðeiningar	Fjármál	Þjónusta	Þróun			
Fjöldi fastráðinna 31.12.2014	33	59	71	14	158	58	29

Eftir umrót í rekstri Orkuveitunnar með miklum sparnaði í rekstri og fækkun starfsfólks á árunum 2010 til 2012, tók við nýtt ögrandi verkefni. Orkuveitunni var skipt upp í móðurfélag og þrjú ný dótturfélög í ársbyrjun 2014. Það hafði í för með sér skipulagsbreytingar samhliða uppskiptingunni og tilfærslur starfsmanna á milli fyrirtækja. Í árslok 2014 voru 422 í föstu starfi hjá Orkuveitunni.


Starfsmannamálum innan samstæðunnar er sinnt miðlægt og með samræmdum hætti. Sjálfstæði eininga innan samstæðunnar hefur aukist, boðleiðir breyst og aðferðir til að viðhalda einingu og samræmi þróast. Það var ekki sjálfgefið að uppskiptingin tækist í svo góðri sátt við starfsfólk. Þess vegna voru þær viðurkenningar sem Orkuveitan fékk árið 2014 ánægjulegar.


Jafnréttisviðurkenning Jafnréttisráðs

„Það er ekki nóg að styðja jafnréttið, það þarf að fremja það,“ sagði Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar, þegar hann tók við jafnréttisviðurkenningu Jafnréttisráðs árið 2014 úr hendi Eyglóar Harðardóttur félagsmálaráðherra. Það hefur verið einbeittur vilji Orkuveitunnar, sem að 70 prósentum er mönnum körlum, að nýta breytingarnar á fyrirtækinu og stefnu þess til að styrkja stöðu kvenna. Það er sannfæring stjórnenda fyrirtækisins að meira jafnræði milli kynjanna muni gera Orkuveituna að betri vinnustað sem skili meiri árangri.

Í samræmi við þetta gerðist Orkuveitan formlegur aðili að Jafnréttissáttmála Sameinuðu þjóðanna á árinu 2014.

Kynjaskipting í störfum






Stofnun ársins 2014

Fjölmennta stéttarfélagið innan Orkuveitunnar er Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Félagið tekur, ásamt VR og SFR, þátt í að velja fyrirtæki ársins á einkamarkaði og stofnun ársins í opinberri eigu. Árið 2014 var Orkuveitan valin stofnun ársins. Gefnar eru einkunnir fyrir trúverðuleika stjórnenda, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu, sjálfstæði í starfi, ánægju og stolt starfsmannsins og ímynd stofnunarinnar. „Nú er vor í Orkuveitunni,“ sagði Bjarni Bjarnason forstjóri þegar hann tók við viðurkenningunni síðari hluta maímánaðar fyrir hönd stolts starfsfólks.


Stjórnandi ársins 2014, Bjarni Bjarnason

Stjórnvísí, stærsta stjórnunarfélag á Íslandi, veitir árlega verðlaun fyrir framúrskarandi frammistöðu við stjórnun fyrirtækja. Árið 2014 valdi sjö manna dómnefnd félagsins Bjarna Bjarnason, forstjóra Orkuveitunnar, verðlaunahafa úr hópi 50 tilnefndra stjórnenda íslenskra fyrirtækja. Dómnefndin sagði Bjarna sýna ótrúlega elju og dugnað, vera sanngjarnan en kröfuharðan og einnig góða fyrirmynd. Hann komi fram af ákveðni en sýni mýkt þegar það á við og hlusti vel. Hann njóti virðingar innan fyrirtækisins og utan þess.

Fjöldi fræðsluviðburða



Þróun starfsmannaveltu




Vissir þú?

Frá því Orkuveitan varð sjálfstætt fyrirtæki í opinberri eigu starfar hún á almennum vinnu- markaði. Orkuveitan á aðild að Samorku, samtökum orku- og veitufyrirtækja, Samtökum iðnaðarins. Í gegnum hin síðarnefndu á hún aðild að Samtökum atvinnulífsins.

Vissir þú?

Félagsstarf meðal starfsfólks OR er blómlegt. Starfræktur er hlaupaklúbbur, fótboltaklúbbur, mótörhjólaklúbburinn MótOR, hópur kylfinga kallaður SKOR og sauma- og þrjónaklúbbur sem gengur undir nafninu SPOR.

Skipting milli starflokka




Vinnustaðargreining

Orkuveitan gerir árlega vinnustaðargreiningu sem felst í umfangsmikilli könnun á afstöðu starfsmanna til vinnustaðarins, stjórnenda, starfsanda, aðstöðu og þeirrar þjónustu sem þeir njóta í störfum sínum, hvort heldur hún er veitt af samstarfsfólki eða ytri aðilum. Aldrei hafa fleiri starfsmenn tekið þátt eða 91% þeirra. Útkoman árið 2014 var ánægjuleg. Flestir matsþættir hækkuðu eða stóðu í stað. Áhersla hafði verið lögð á að draga úr streitu og sýna niðurstöður að það hafi tekist. Aðrir þættir sem hækkuðu mest á milli ára voru ánægja starfsfólks með tækifæri til starfsþróunar og upplýsingagjöf innan fyrirtækisins.

Starfsánægja innan Orkuveitunnar, sem er einn þeirra lykilmælikvarða sem stjórn fyrirtækisins styðst við til að meta árangur í rekstrinum, hækkaði á milli ára. Metnaður Orkuveitunnar – stjórnenda og starfsfólks – stendur þó til þess að gera enn betur. Niðurstöður vinnustaðargreiningarinnar verða nú sem fyrr nýttar til að bæta úr þar sem þörf er á.

Menntun starfsfólks



Iðnir

Jafnréttisstarf Orkuveitunnar snýst um fleira en sanngirni og að skapa betri vinnustað. Rekstur veitna og virkjana kallar á krafta iðn- og tæknimenntaðs fólks í greinum þar sem nemendum hefur fækkað í skólum. Flestar þeirra eru hefðbundnar karlagreinar og fjölgun nema getur oltið á því hvort og þá hversu margar konur leggja stund á þær. Það er erfitt að sækja fram í þessum efnum ef helmingur landsmanna telja iðn- og tæknigreinar ekki valkost.

Iðnir er verkefni sem miðar að því að hvetja stelpur og ungar konur ekki síður en stráka, til að íhuga og prófa hvort iðn- og tækninám höfði til þeirra. Í verkefninu er leitað margra leiða meðal fjölda hagsmunaaðila sem Orkuveitan getur haft áhrif á, til að ná þessu markmiði. Formlegt samstarf við Árbæjar- skóla var hafið á árinu 2014 í þessu skyni og í heimsóknum stelpna og stráka úr skólanum kom í ljós hversu óflugar fyrirmyndir konurnar í „karlagreinunum“ hjá Orku náttúrunnar og OR-Veitum eru.





Ekkert sem Orkuveitan gerir er svo mikilvægt að það réttlæti að starfsfólk hætti lífi sínu eða heilsu við vinnu. Hverjum og einum starfsmanni er þess vegna uppálagt að staldra við áður en ráðist er í viðfangsefnið enda umhverfið oft háskalegt, aðstæður hættulegar eða tækin sem beitt er varasöm. Markmið okkar er einfalt: að skapa slysalausan vinnustað.


Vorið 2014 var gerð könnun á öryggismenningu innan Orkuveitunnar. Niðurstöður hennar áttu að varpa ljósi á það hvort reglur og skilaboð frá stjórnendum væru sniðgengin eða hvort starfsfólk væri vakandi um öryggi sitt og annarra starfsmanna. Allt starfsfólk var í úrtaki könnunarinnar og niðurstöðurnar voru hvetjandi. Orkuveitan stendur ágætlega í samanburði við sambærileg fyrirtæki á Norðurlöndum. Víða er þó hægt að gera betur. Við blasa verkefni í fræðslu starfsfólks og að beita þeim faglegu vinnubrögðum sem stjórnendur hafa reynt að temja sér við að fækka slysum og fjarvistardögum vegna veikinda.

Skráning starfsfólks á atvikum þar sem gæti eða hefði getað farið illa er hluti þess skipulagða starfs sem fram fer í öryggismálum. Starfræktur er tilkynningagrunnur vegna öryggis, heilsu og vinnuumhverfis þar sem hver og einn starfsmaður getur skráð það sem fyrir augu ber í daglegu starfi. Slyseru skráð, hættuleg tilvik, varasamt verklag, óásættanlegar aðstæður, ótryggt búnað eða annað sem ógnað getur öryggi og eða heilsu. Markmið skráninganna er að ekki þurfi slys til að lærdómar verði dregnir heldur megi draga úr hættu á þeim með forvörnum.

Starfsfólk Orkuveitunnar hefur sýnt þessu verkefni mikinn áhuga með skráningum í tilkynningagrunnin sem hefur fjölgað ár frá ári. Á árinu 2014 voru skráningarnar 317 eða um helmingi fleiri en árið áður. Fyrir árslok var úrvinnsla 92% tilkynninga lokið.


Orkuveita Reykjavíkur og dótturfyrirtæki kaupa stóran hluta verklegra framkvæmda við veitukerfi og virkjanir af verktökum. Ábyrgð Orkuveitunnar á öryggi starfsfólks verktaka var tekin fastari tökum á árinu 2014. Gerðar voru auknar kröfur til verktaka, meðal annars um áhættumat framkvæmda og fræðslu starfsfólks þeirra. Stöðluðum verksamningum var breytt í þessu skyni og nú býður Orkuveitan starfsfólki verktaka öryggisnámskeið þar sem sérstaklega er vikið að þeim hættum sem starfsstöðvum veitna og virkjana fylgja. Námskeiðin eru sniðin að hverju verki og grunntóinninn sem í þeim er sleginn er sá hinn sami og hjá Orkuveitunni sjálfri og hljómar á eftirfarandi hátt: Staldráðu við og hugleiddu hugsanlegar hættur í verkinu sem við þér blasir.

Tíðni fjarveruslysa 2014 (H-tala)




Fjarveruslysatiðni (H-tala) er tíðni fjarveruslysa miðað við 1.000.000 unnar vinnustundir. Með fjarveruslysi er átt við slys sem hefur þær afleiðingar að viðkomandi mætir ekki til vinnu a.m.k. einn dag af næstu sjö almanaksdögum eftir atvikið.

Fjarveruslys eftir ársfjórðungum 2013 og 2014



Á bak við hvert slys er manneskja. Það er stefna okkar að enginn slasist við vinnu, því ekkert verk er svo mikilbægt að fórnar megi heilsu fólks við framkvæmd þess. Árið 2014 voru fjarveruslys vegna vinnu 7 en 8 árið 2013.

Tilkynningar í skráningargrunn öryggismála 2014



Í forvarnskyni starfrækir OR tilkynningagrunn sem hver og einn starfsmaður er hvattur til að skrá í þau atriði sem nýst geta til að draga úr hættu á slysum. Kappkostað er að vinna hratt og vel úr skráningum því hver og ein skráning getur nýst til að auka öryggi starfsfólks.



Vissir þú?

Bygging nýs miðlunargeymis fyrir heitt vatn á Akranesi á árinu 2014 stuðlaði ekki eingöngu að auknu afhendingaröryggi heits vatns í bænum heldur efldi auk þessi öryggi starfsmanna. Slaknað hefur á tímaþressu við viðgerðir vegna bilana sem verða á öllum tímum sólarhringsins og einkum í slæmu veðri.

7. Kafli

Orka náttúrunnar





Orka náttúrunnar

Rekstur Orku náttúrunnar hófst 1. janúar 2014 þegar fyrirtækið tók við virkjanarekstri Orkuveitunnar og sölu á rafmagni. Fyrirtækið starfar á samkeppnismarkaði og selur almenningi og atvinnulífi um allt land rafmagn auk þess að selja fyrirtækjum ráðgjöf. Þá framleiðir Orka náttúrunnar um helming heita vatnsins í hitaveitu höfuðborgarsvæðisins í jarðvarmavirkjunum á Hengilssvæðinu.

Þegar Orku náttúrunnar var hleypt af stokkunum í ársbyrjun 2014 fluttust til fyrirtækisins um 60 starfsmenn framleiðslu- og sölusviðs Orkuveitunnar. Fyrirtækið tók við þremur virkjunum, Nesjavallavirkjun, Hellsheiðarvirkjun og Andakílsárvirkjun. Áhersla var lögð á áframhaldandi traustan rekstur, ábyrga auðlindanýtingu og góða þjónustu. Þá þurfti að hanna nýtt vörumerki og samkvæmt könnun sem gerð var síðla árs 2014 þekktu sex af hverjum tíu landsmönnum vörumerki ON.

Hraðhleðslustöðvar og reiknivélar

Tvö verkefni eiga líklega mestan þátt í árangursríkri markaðssetningu Orku náttúrunnar á fyrsta starfsárinu, hraðhleðslustöðvar fyrir rafbíla og reiknivél á vefnum fyrir neytendur. Orka náttúrunnar opnaði 2014 fyrstu hraðhleðslustöðvar hér á landi. Níu stöðvar voru settar upp til að auka tiltrú neytenda á rafbílum og stuðla þannig að hraðari rafbílavæðingu á Íslandi. Fyrstu tvær stöðvarnar voru opnaðar í mars og níunda stöðin var opnuð við Fríkirkjuveg í nóvember. Flestir rafbílarnir á landinu eru á höfuðborgarsvæðinu og stöðvunum var valinn staður til að auka drægnina þaðan. Notkun hraðhleðslustöðvanna hefur farið fram úr björtustu vonum og er tvöfalt meiri hér á


landi en hjá Norðmönnum sem standa þó þjóða fremstir í rafvæðingu samgangna. Orka náttúrunnar, rétt eins og önnur fyrirtæki innan samstæðu Orkuveitunnar, steig mikilvæg skref til að auka hlut rafbíla í eigin bílaflota.

Á vef Orku náttúrunnar, www.on.is, er reiknivél sem sýnir orkunotkun algengustu heimilistækja og útgjöld vegna hennar. Á einfaldan hátt er hægt að nálgast nákvæmar upplýsingar um orkukostnað hvers raftækis á ári, miðað við tiltekna notkun. Þetta er hluti af því að fræða notendur um orkunotkun og hvernig hægt er að lækka heimilisútgjöldin.


Rafmagn úr roki

Orka náttúrunnar samdi um kaup á rafmagni frá fyrirtækinu Biokraft sem starfrækir tvær vindmyllur í Pykkvabæ í Rangárþingi ytra. Áætlað er að framleiðsla þeirra annar raforkuþörf um 1.000 heimila, eða allt að þremur gígavattstundum á ári. Samhlíða orkukaupunum fær Orka náttúrunnar aðgang að vinnslugögnum og kostnaðarreikningi Biokraft, sem mun nýtast til að meta hversu fýsileg vindorkan er til orkuöflunar.

Framleiðsla á heitu vatni í virkjunum ON



Raforkuframleiðsla í virkjunum ON



Umhverfismál

Orka náttúrunnar leggur ríka áherslu á góðan frágang og landgræðslu á virkjanasvæðum. Markmiðið er að endurheimta landslag og gróður sem líkast því sem var fyrir framkvæmdir. Nýtt verklag hefur verið þróað þar sem gróðri er haldið til haga við framkvæmdir og hann nýttur beint í frágang á framkvæmdastað eða á öðrum röskuðum svæðum. Þetta hefur reynst vel við Hellsheiðarvirkjun og er þessi aðferð nú notuð við frágang vegna yfirstandandi framkvæmda við Hverahlíðarlögn. Þar sem erfið reynist að koma vinnuvélum að til að taka frá gróður, hafa björgunarsveitir verið fengnar til að handsafna mosanum og koma honum fyrir í frystigámi þar sem hann er geymdur fram á vor og nýttur til endurheimtar á mosapembu.

Á vormánuðum 2014 var gangsett loft-hreinsistöð á Hellsheiði. Stöðin varð hluti af virkjanarekstrinum í nóvember eftir prófanir og aðlögun að vinnsluferli Hellsheiðarvirkjunar. Reksturinn gengur vel og hreinsar hún um 25% af brennisteinsvetni frá virkjuninni. Þá hófst síðla árs undirbúningur þess að setja upp háf til að tryggja enn betur að styrkur brennisteinsvetnis í byggð verði undir mörkum.

Orka náttúrunnar vinnur líka að því að draga úr umhverfisáhrifum Nesjavallavirkjunar. Helsta viðfangsefnið er að minnka losun á heitu vatni í grennd við virkjunina. Á sumrin, þegar minni þörf er fyrir heitt vatn frá virkjuninni, fellur til ónýttur varmi sem nú stendur til að koma aftur niður í jarðlögin í stað losunar á



Rótor úr gufuhverfli í rennibekk í Hellsheiðarvirkjun.

Vissir þú?

Landgræðslufólk Orku náttúrunnar notar meðal annars súrmjólk til að flýta fyrir endurheimt staðargróðurs á röskuðum svæðum.



Gróðurtorfur úr Hverahlíð nýttar í frágang á borteigum á Hellisheiði



Mosahræringur nýttur til að græða upp mosapembu.



Björgunarsveitarfólk safnar mosa á framkvæmdasvæði Hverahlíðarlagnar

yfirborði. Boranir niðurdælingarholna hefjast á árinu 2015. Þá er markvisst unnið að því að bæta niðurrennslisveitu Hellisheiðarvirkjunar. Afköst hennar eru á mörkum þess að vera nægjanleg. Þróun búnaðar og verklags undanfarin ár hefur aukið afköst hennar og dregið úr hættu á skjálftum vegna niðurrennslisins og verður unnið áfram að umbótum í veitunni.

Hverahlíðarlögn

Á haustmánuðum 2014 var hafist handa við lagningu gufulagnar á milli borholanna við Hverahlíð á Hellisheiði og Hellisheiðarvirkjunar. Framkvæmdin var vel kynnt almenningi og hagsmunaðilum, meðal annars með

opnum fundum. Leið lagnarinnar, sem verður um 5 kílómetra löng, var valin með tilliti til þess að hún yrði lítt sýnileg frá þjóðvegnum og rask af hennar völdum yrði sem minnst. Lögnin verður tekin í notkun í árslok 2015. Með tilkomu hennar er sjálfbærni reksturs Hellisheiðarvirkjunar treyst. Fullnaðarfrágangi mun ljúka á árinu 2016 en framkvæmdirnar 2014 voru að nokkru leyti samhliða framkvæmdum Vegagerðarinnar við breikkun Suðurlandsveggar á Hellisheiði.

Ný verkefni - ný þekking

Í jarðgufuvirkjunum Orku náttúrunnar vinna starfsmenn og stjórnendur stöðugt að þróun starfseminnar. Til marks um það er

viðhaldi gufuhverfla Nesjavallavirkjunar og Hellisheiðarvirkjunar sinni í nýjum rennibekk, rafsuðu og jafnvægisstillibekk í Hellisheiðarvirkjun. Fyrsta stóra viðhaldsverkefnið í tækjunum var unnið 2014. Þetta er mun hagkvæmara en að senda hverflana utan og til stendur að bjóða öðrum fyrirtækjum sem reka jarðvarmavirkjanir hér á landi upp á þessa þjónustu.

Orka náttúrunnar er líka í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, fyrirtækið Vélvík og þrjá rúmenska aðila að þróa keramik-

húðun á málma til að verja þá fyrir áraun sem þeir verða fyrir í hverflum og dælum við nýtingu jarðvarma. Markmiðið er að draga úr viðhaldsþörf. Áætlað er að verkefnið, sem styrkt er af Evrópusambandinu, taki þrjú ár.

Stjórn Orku náttúrunnar skipuðu Ingvar Stefánsson formaður, Elín Smáradóttir, Hildigunnur H. Thorsteinsson, Sveinbjörn Björnsson og Ágúst Þorbjörnsson. Varamaður var Hólmfríður Sigurðardóttir.

Páll Erlend er framkvæmdastjóri.

MYNDIR ÚR MARKAÐSSTARFI:

Við erum öll tengd við náttúruna

Þessi mynd er ein af myndum úr sýningu Orku Náttúrunnar um tenginguna milli manna og náttúru. Hún sýnir hvernig náttúran gefur okkur orku og hvernig við getum tekið ábyrgð á því að náttúran hafi næg orku til að gefa okkur orku áfram.

Orka Náttúrunnar er ein af myndum úr sýningu Orku Náttúrunnar um tenginguna milli manna og náttúru. Hún sýnir hvernig náttúran gefur okkur orku og hvernig við getum tekið ábyrgð á því að náttúran hafi næg orku til að gefa okkur orku áfram.

Orka Náttúrunnar
Bajarhalsi 1, 110 Reykjavík Sími 591 2700 www.on.is on@on.is

HVAÐ FER MIKIL ORKA Í AÐ HALDA MJÓLKinni KALDRI?

Prófaðu reiknivélina á www.on.is og sjáðu hvað ísskápurinn, frystikistan og önnur eldhústæki nota mikið rafmagn.

Við erum heppin að náttúran skuli sjá okkur fyrir meira en nóg af orku til að létta okkur lífið svo um munar. Forsenda þess að við getum farið vel með auðlindirnar og lækkað kostnað er að vita hvað er í gangi og hversu mikla orku raftækin nota að staðaldrí. Á on.is er handhag reiknivél sem auðveldar þér að sundurliða orkunotkun heimilisins og meta kostnaðinn í heild og við einstaka þætti.

Orka náttúrunnar framleiðir og seltur rafmagn til allra landanna í samkeppnishæfu vandi. Við veikum mjög auðveldi af ábyrgð og margþingni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

Orka Náttúrunnar
Bajarhalsi 1, 110 Reykjavík Sími 591 2700 www.on.is on@on.is

Fylltu rafbílinn með Orku náttúrunnar

Hraðhleðslustöðvar við höfudstöðvar ON Bajarhalsi og BL Sævarhöfða

Orka náttúrunnar hefur opnað fyrstu tveir hraðhleðslustöðvarnar á Íslandi í samstarfi við BL og Nissan Europe. Með þessum hefist ný kafli í rafhleðslu þar aðrir talar um CO2 minni og að hláða dæmigildan rafhlö uppi í 80%.

Á mestu málumum verða sprengdar alla stöðvar frá höfðastöðvar og suðvesturhorninu. Námari spjó þingur um staðsetningar þessari og verkefnið er að finna á við okkur www.on.is.

Veijum umhverfisvæna orku til að minnka mengun og kostnað heimilisins.

Orka Náttúrunnar
Bajarhalsi 1, 110 Reykjavík Sími 591 2700 www.on.is on@on.is

ORKA NÁTTÚRUNNAR ER NÚ EINNIG FÁANLEG ÚR ÍSLENSKU ROKI

Fyrirtækið Síðkraft hefur gengið þess vinnufylur í Þykkvabæ sem munu ekkja átt að þessum gígavattinum á 66, en það jafngildir rafhlöðun um stöðvarir slenska heimila. Orkun frá vinnufylunum er þess hæðri við það rafmagn sem Orka Náttúrunnar selt og samveittur við náttúruna.

Við höf Orku náttúrunnar eum stöð af því að ekkja þessu vinnufylur orku til neytanda um allt land. Við öllum aðstandendum Síðkraft innhaga til rafmagns með þessum slenska og hlökum til afhliðaðar samskipta og vinnufylgjar í framtíðinni.

Orka náttúrunnar framleiðir og seltur rafmagn til allra landanna í samkeppnishæfu vandi. Við veikum mjög auðveldi af ábyrgð og margþingni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

Orka Náttúrunnar
Bajarhalsi 1, 110 Reykjavík Sími 591 2700 www.on.is on@on.is

8. Kafli Gagnaveitan







Gagnaveitan

Gagnaveita Reykjavíkur ehf. er fjarskiptafyrirtæki í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Hlutverk þess er rekstur og uppbygging háhraða gagnaflytningsskerfis sem byggir á ljósleiðara- og IP nettækni.

FJÖLDI TENGDRA HEIMILA Í LOK ÁRS



FJÖLDI VIÐSKIPTAVINA Í LOK ÁRS



Vissir þú?

Einn af kostum ljósleiðarans er að sami hraði er á gagnaflytningi í báðar áttir. Þannig flytur 400 Mb/s ljósleiðaratenging 100 ljósmyndir (500 MB) frá notanda á 10 sekúndum meðan sami flutningur tekur tvær mínútur og 40 sekúndur á algengri kopartengingu.

Tímamótaár

Árið 2014 var að ýmsu leyti tímamótaár hjá Gagnaveitu Reykjavíkur (GR). Fyrirtækið er nú alfarið fjármagnað á almennum markaði, tengingu heimila samkvæmt samningum við sveitarstjórnir er nánast lokið og fyrirtækið hélt áfram auglýsingum á markaði þar sem kostir Ljósleiðarans voru dregnir fram. Á árinu urðu einnig breytingar á skipulagi og stjórnendahópi GR.

Endurfjármögnun

Á vormánuðum 2014 var gengið frá endurfjármögnun GR og umbreytingu á hluta af láni félagsins við Orkuveituna í hlutfé. Verulega var dregið út fjárhagslegum tengslum Orkuveitunnar og GR þar sem GR er alfarið fjármögnuð á almennum markaði.

Árangur GR í rekstri og uppbyggingu undanfarin ár hefur skapað félaginu ákveðið traust á markaði sem skilaði sér við endurfjármögnun félagsins.

Öflugri tengingar – betri þjónusta

Undir lok árs bauðst öllum viðskiptavinum á Ljósleiðaranum 200 og 400 Mb/s nettengingar. Ljósleiðarinn er eins og áður öflugasta nettenging sem völ er á til heimila. Á fyrirtækjamarkaði var vöruframboð aukið og ný þjónustuleið tekin í notkun sem gengur undir heitinu „Ljósleiðarinn til fyrirtækja“. Um er að ræða gagnaflytningssþjónustu í formi IP samskipta um ljósleiðarakerfi GR. Í byrjun er um að ræða hraða á bilinu 100-400 Mb/s en síðar verður hraðinn aukinn í 1 Gb/s og meira eftir því sem markaðurinn kallar eftir.

Á árinu var unnið að breytingu á þjónustuvef viðskiptavina, Ljósleiðarinn minn, með það fyrir augum að auka þjónustu við viðskiptavini.

Uppbygging

Þegar Orkuveitan og síðar Gagnaveita Reykjavíkur réðust í ljósleiðaratengingu heimila var það gert með samkomulagi og skuldbindingu gagnvart íbúum sjö sveitarfélaga. Í árslok 2014 hafði GR uppfyllt þær að 98 prósentum; innan við eitt þúsund heimili eru ótengd. Framkvæmdum samkvæmt skuldbindandi samningum mun ljúka á árinu 2015.

Fjöldi heimila sem hafa aðgang að Ljósleiðaranum var rúm 63.000 í árslok og fjölgaði um rúm 5.100 á árinu. Svipaður stígandi var í fjölgun viðskiptavina GR árið 2014 og á árunum þar á undan og voru yfir 26.000 heimili að nýta sér þjónustu GR í lok árs.

Stjórn Gagnaveita Reykjavíkur skipa Bjarni Bjarnason formaður, Jóna Björk Helgadóttir og Ingvar Stefánsson. Varamaður er Íris Lind Sæmundsdóttir.

Framkvæmdastjóri er Erling Freyr Guðmundsson.



9. Kafli

Útgefnaðar skýrslur og greinar á árinu 2014





Útgefnar skýrslur og greinar á árinu 2014

Skýrslur unnar af Orkuveitunni eða dótturfélögum

Eiríkur Hjálmarsson 2014.
Uppskipting OR. OR 2014-025.

Einar Gunnlaugsson 2014.
Hellisheiði – Vinnsluskýrsla 2013. Afl, vatnsborð, vinnsla efnafræði - Yfirlit yfir rannsóknir. OR 2014-024.

Einar Gunnlaugsson 2014.
Nesjavellir – Vinnsluskýrsla 2013. Afl, vatnsborð, vinnsla efnafræði - Yfirlit yfir rannsóknir. OR 2014-023.

Gretar Ívarsson 2014.
Hitaveita í Reykjavík. Vatnsvinnslan 2013. Gagnaskrá. OR 2014-013.

Gretar Ívarsson 2014.
Hitaveita í Reykjavík. Vatnsvinnslan og efnafræði vatnsins 2013. OR 2014-012.

Hafsteinn Björgvinsson 2014.
Fuglar og önnur dýr á verndarsvæðum vatnsbóla Reykjavíkur. 18. útgáfa. OR 2014-001a.

Selma Olsen 2014.
Vatnsvinnsla Austurveitu 2013. OR 2014-010.

Selma Olsen 2014.
Vatnsvinnsla Grímsnesveitu 2013. OR 2014-009.

Selma Olsen 2014.
Vatnsvinnsla Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar 2013. OR 2014-001.

Selma Olsen 2014.
Vatnsvinnsla Hitaveitu Rangæinga 2013. OR 2014-002.

Selma Olsen 2014.
Vatnsvinnsla Hitaveitu Skorradals 2013. OR 2014-004.

Selma Olsen 2014.
Vatnsvinnsla Hitaveitu Stykkishólms 2013. OR 2014-005.

Selma Olsen 2014.
Vatnsvinnsla Hitaveitu Þorlákshafnar 2013. OR 2014-006.

Selma Olsen 2014.
Vatnsvinnsla Hlíðaveitu 2013. OR 2014-008.

Selma Olsen 2014.
Vatnsvinnsla Munaðarnesveitu 2013. OR 2014-003.

Selma Olsen 2014.
Vatnsvinnsla Norðurárdalsveitu 2013. OR 2014-011.

Selma Olsen 2014.
Vatnsvinnsla Ölfusveitu 2013. OR 2014-007.

Snjólaug Ólafsdóttir 2014.
Brennisteinsvetni í Hveragerði. September 2012 – mars 2014. OR 2014-022.

Snjólaug Ólafsdóttir 2014.
Brennisteinsvetnismælingar á vegum ON. Staðan í lok árs 2014. ON 2014-001.

Skýrslur unnar fyrir Orkuveituna eða dótturfélög

Andrés Þórarinnsson 2014.
H2S mælingar í Norðlingaholti og Hveragerði. Skýrsla um mælingar árið 2013. Verkfræðistofan Vista.

Andrés Þórarinnsson 2014.
H2S mælingar við Hellisheiðarvirkjun og við Nesjavellavirkjun. Skýrsla um mælingar árið 2013. Verkfræðistofan Vista.

Eric M. Myer og Ágúst Guðmundsson 2014.
Höfuðborgarsvæði. Grunnvatns- og rennslislíkan. Árleg endurskiðun fyrir árið 2013. Skýrsla nr. 14.16. Verkfræðistofan vatnaskil.

Eydís Salome Eiríksdóttir og Sigurður Reynir Gíslason 2014.
Efnasamsetning Þingvallavatns 2007-2013. RH-04-2014. Jarðvísindastofnun Háskólans.

Finnur Ingimarsson, Haraldur R. Ingvason, Stefán Már Stefánsson, Þóra Hrafnisdóttir og Hilmar J. Malmquist 2013.
Vöktun á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns. Gagnaskýrsla fyrir árið 2012. Fjölrit nr. 4-2013. Náttúrufræðistofa Kópavogs.

Haraldur R. Ingvason, Finnur Ingimarsson, Stefán Már Stefánsson, Þóra Hrafnisdóttir og Hilmar J. Malmquist 2014.
Vöktun á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns. Gagnaskýrsla fyrir árið 2013. Fjölrit nr. 2-2014. Náttúrufræðistofa Kópavogs.

Hörður Tryggvason 2014.

Mælingaefirlit á Bitru árið 2014.
ÍSOR-2014/057.

Hörður Tryggvason 2014.

Mælingaefirlit á Nesjavöllum árið 2014.
ÍSOR-2014/060.

Mannvit 2014.

Flutningsæðar frá Hverahlíð til Hellisheiðarvirkjunar. Sveitarfélaginu Ölfusi. Fyrirspurn um matsskyldu. Mannvit.

Svanbjörg Helga Haraldsdóttir 2014.

Mælingaefirlit á vinnslusvæðum Hellisheiðarvirkjunar árið 2014.
ÍSOR-2014/052.

Verkís 2014.

Skólphreinsistöðvar. Sýnataka og mælingar. Árleg yfirlitsskýrsla 2013. Borgarbyggð. Verkís.

Verkís 2014.

Skólphreinsistöðvar. Sýnataka og mælingar. Árleg yfirlitsskýrsla 2013. Reykjavík. Verkís.

VSÓ Ráðgjöf 2014.

Lífrænt niðurbrot á fitu með örverum í fráveitukerfum. Klettagarðar. VSÓ Ráðgjöf.

Greinar í tímaritum**D.B. Meier, E. Gunnlaugsson, I. Gunnarsson, B. Jamtveit, C.L. Peacock and L.G. Benning, 2014.**

Microstructural and chemical variation in silica-rich precipitates at the Hellisheiði geothermal power plant. Mineralogical Magazine, November 2014, Vol. 78(6), pp. 1381-1389.

Prathap Moola, Bergur Sigfússon and Andri Stefánsson, 2014.

Pore-volume alteration measurements to evaluate scale formation during solid – fluid interactions. Mineralogical Magazine, November 2014, Vol. 78(6), pp. 1399-1403.

Sigurður R. Gíslason and Eric H. Oelkers 2014.

Carbon storage in basalt. Science 344, 373-374.

